

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir Ytra Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóbr. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitafjelög, er hjermeð staðfest eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Ytra Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, sem samin hefur verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Ytra Akraneshrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins, til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þurfa þykir, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marz mánuði, júnimánuði og október mánuði; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefnarinnar, hefur á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma skipanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir á heimtingu á, þótt ekki sje hann nefndarmaður að sitja á fundum og taka þátt í umræðum, en ekki hefur hann atkvæðisrjett; formaður skal boða honum fundinn í tæka tíð.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Skal nefndinni heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í samþykkt þessari eða mikla þýðingu hefur fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign.

5. gr.

Skylt skal heilbrigðisnefndinni í samráði við hjeraðslækni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja óþrifnað og óheilnæmi hvar og hvenær,

sem þurfa þykir innan hreppsins; sjerstaklega viðvikjandi vatnsbólum, forum, **132** sorphaugum, salernum, íbúðarhúsum og peningshúsum, úrgangi og sullum á blóð-^{22. nóvbr.} velli o. s. frv. og skal öllum ráðstöfunum hennar og læknis þaraðlútandi nákvæmlega hlýtt.

6. gr.

Skyldir skulu sjómenn og aðrir þeir, sem sjávarútveg stunda um lengri eða skemmri tíma, að láta slóg og annan veiðiúrgang í þartil gerðar safngryfjur á þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd leyfir, eða koma því fyrir á einhvern þann hátt, að aldrei komi fyrir að það flækist í fjörum.

7. gr.

Þar sem fiskþvottur fer fram, einkum í þjettbýli eða nærri íbúðarhúsum eða almannaferi, skal heilbrigðisnefndin sjá um, að vandlega sje hreinsað til á eftir daglega, svo að ekki safnist fyrir fiskileifar, er úldna og valda daunillu lopti.

8. gr.

Hver sá atvinnurekstur, er óhollusta og óþrifnaður fylgir, svo sem lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður nákvæmu eptirliti heilbrigðisnefndarinnar, og skal fyrirmælum hennar, að því er snertir hreinlæti í því efni, utan húss og innan, nákvæmlega hlýtt.

9. gr.

Ef orð fer af, að sjerstakur óþrifnaður viðgangist á einhverjum stað í hreppnum utan húss eða innan, skal nefndin skyld að grennslast eptir, hvort tilhæfa sje í því, og skal sjerhver hreppsúi skyldur til að leyfa nefndinni eða umboðsmanni hennar inngöngu bæði í íbúðarhús og útihús, er hún krefst þess; sómuleiðis skal honum heimilt að skoða alla heimalóð viðkomanda. Ef heilbrigðisnefndinni við slíka skoðunargjörð finnst eitthvað ábótavant hjá ábúanda, húsmanni eða lóðareiganda, hvað þrifnað snertir, skal henni heimilt að gera þær ráðstafanir til umbóta, er henni finnast bezt við eiga, og skal viðkomandi þá skyldur til að hlýða öllum ákvæðum hennar í því tilliti, sem ekki eru gagnstæð gildandi lögum.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum og skipa bakara að þvo gólf, loft og veggj hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að braudagerð, sem lungnatæringu hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

132 Deig má ekki hnoða með fótunum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofum; 22. nóvbr. enginn má sofa þar.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum skemmd eða svikin matvara, og er eiganda skylt að láta af hendi við nefndina sýnishorn af vörum til rannsóknar. Komi það í ljós, að varan sje skemmd eða svikin, eða á einhvern hátt ekki nýtileg til manneldis eptir álitu hjeraðslæknis, eða annara, sem færir eru að dæma um það, skal ónýta vörunar eða á einhvern hátt gera þær óskaðlegar fyrir heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum. — Kjöt af pest-dauðum skepnum eða sjálf-dauðum má ekki selja til manneldis, nema með leyfi hjeraðslæknis eða dýralæknis.

12. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skóla-ársins og á því miðju. Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum að minnsta kosti einn í hverju herbergi. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

13. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef skólabarn eða kennari hefur berklasótt, og læknir álitur að um mikla sótt-næmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sótt-næmishættan er um garð gengin, að læknis dómi.

Holdsvaik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

14. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan, skal leita álitu heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent að vatn komi upp í grafrnar nokkru sinni.

15. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlega næmur sjúkdómur á svæði því, er samþykktin **132** nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja í sam-^{22. nóvbr.}ráði við hjeraðslækni, um stundarsakir, strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinningarvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

17. gr.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða öll hús og lóðir á því svæði, sem samþykkt þessi nær yfir, og er henni heimilt að skipta því starfi milli nefndarmanna.

18. gr.

Allan kostnað, sem af nefndarstörfum kunna að leiða, skal borga úr hreppssjóði eftir reikningi, er borin skal undir hreppsnefnd til samþykktar.

19. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á tilsettum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefur verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan má taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

20. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1907.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 22. nóvbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.